um Skipaútgerð ríkisins.

Flm.: Halldór Ásgrímsson, Páll Þorsteinsson, Gísli Guðmundsson, Skúli Guðmundsson.

1. gr.

Skipaútgerð ríkisins, í lögum þessum nefnd Skipaútgerðin, sem starfað hefur síðan á árinu 1929, er eign ríkissjóðs og skal rekin sem ríkisstofnun undir yfirstjórn samgöngumálaráðherra.

2. gr.

Skipaútgerðin skal hafa með höndum útgerðarstjórn allra strandferðaskipa og varðskipa ríkisins, svo og aðra útgerðarstjórn, sem henni kann að verða falin. Um réttindi og skyldur Skipaútgerðarinnar sem útgerðaraðila fer eftir hinum almennu sjómannalögum og lögum um varðskip ríkisins og skipverja á þeim.

3. gr.

Útgerðarstjóri ríkisins stjórnar Skipaútgerðinni. Forseti Íslands skipar útgerðarstjórann, en ráðherra setur honum erindisbréf. Skal skipunarbréfi núverandi útgerðarstjóra breytt samkvæmt því. Um laun útgerðarstjórans fer eftir launalögum.

4. gr.

Nú hefur Skipaútgerðin á hendi útgerðarstjórn skipa, sem notuð eru til starfsemi, er heyrir undir annað ráðuneyti en samgöngumálaráðuneytið, og ber þá Skipaútgerðinni að haga þeirri starfsemi eftir fyrirmælum hlutaðeigandi ráðuneytis, að því er viðkemur verkefni skipanna.

5. gr.

Ráðherra ákveður starfsmannahald Skipaútgerðarinnar, að fengnum tillögum útgerðarstjóra ríkisins, en útgerðarstjóri ræður starfsmenn, nema annað sé ákveðið í lögum. Núverandi starfsmenn halda störfum sínum og launakjörum með sama hætti og fyrir gildistöku laga þessara. Ráðherra ákveður laun fastra starfsmanna, að því leyti sem þau eru ekki ákveðin í lögum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Starfsemi ríkisins er svo margþætt, að verkaskipting er óhjákvæmileg, enda hefur þeirri skipan verið komið á, að sérstakar ríkisstofnanir annist framkvæmd vissra starfsgreina. Ákvæði eru í lögum um flestar þessar ríkisstofnanir, þar sem mælt er fyrir um stjórn þeirra, verksvið, réttindi og skyldur. Þannig er því háttað um vegamál, vita- og hafnarmál, flugmál, póst- og símamál, raforkumál, landssmiðju og ýmsar heilbrigðis- og menntastofnanir. Skipaútgerð ríkisins hefur starfað síðan 1929. Hefur þegar fengizt góð reynsla af störfum hennar, og er tími til þess kominn að ákveða með lögum verksvið þeirrar ríkisstofnunar.

Ákvæði þessa frv. eru í samræmi við starfshætti Skipaútgerðarinnar og þá reynslu, sem fengizt hefur í þessu efni.